

Sþ.

607. Tillaga til þingsályktunar

[283. mál]

um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að á árinu 1976 verði hafist handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar og tryggt verði nægilegt fjármagn til framkvæmdanna.

Greinargerð.

Fyrir atbeina fyrrverandi orkumálaráðherra var hafist handa um að nýta enn frekar en orðið var innlenda orku til húsa hitunar og lagður grundvöllur að því markmiði. Á þeim svæðum, þar sem jarðvarmi var ekki fyrir hendi, þótti einsýnt að raforkan ein leysti þetta viðfangsefni. Þannig var m. a. ástætt á Austurlandi.

Austurland hefur lengi búið við vöntum á nægri raforku frá vatnsorkuverum og dísilorka verið notuð til að bæta þar úr brýnni þörf. Oft hafa vandamál skapast vegna raforkuskorts, en hann hefur stafað m. a. af mikilli aukningu orkunotkunar á svæðinu.

Með tilkomu Lagarfossvirkjunar hefur brýnasti vandinn verið leystur um stund, en fljótlega verður að koma til ný vatnsaflsvirkjun og samtenging alls Austurlandssvæðisins.

Á Austurlandi eru fjögur aðskilin veitusvæði. Meginsvæðið er frá Borgarfirði eystra til Lónsheiðar með Grímsár- og Lagarfossvirkjanir, en Vopnafjörður, Bakka- fjörður og A.-Skaftafellssýsla eru aðskildar einingar.

Um það verður naumast deilt, að samtenging þessara svæða með einum eða öðrum hætti er brýnt nauðsynjamál.

Á veitusvæði A.-Skaftafellssýslu, er eina vatnsaflsvirkjunin þar, Smyrlbjarga- árvirkjun, nú þegar fullnýtt. Orkuframleiðsla með dísilvélum er þar nú töluverð, og verður því aukinni raforkuþörf komandi tíma aðeins mætt með dísilorku ef annað kemur ekki fljótlega til.

Þess má geta, að meðalaukning á notkun raforku í A.-Skaftafellssýslu hefur verið um 26% á s. l. 4 árum.

Nú er svo komið að leyfi til rafhitunar húsa á Hornafirði er ófáanlegt vegna skorts á ódýrri raforku. Auk þjóðhagslegrar óhagkvæmni slíks ástands ber og að geta þess, að húsbýggjendur eru neyddir til að leggja vatnsmiðstöðvar í hús sín til stóraukins kostnaðar við byggingarframkvæmdirnar, en sá kostnaður er nálægt því að vera þrefaldur, miðað við rafmagnsupphitun.

Af framangreindum ástæðum er flutningslína milli Fljótsdalshéraðs og Horna- fjarðar um Djúpavog mjög brýn, auk þess sem öryggi byggðarlaganna á núverandi samveitusvæði eykst að miklum mun. Á ég þar sérstaklega við Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík og Djúpavog og sveitirnar þar í kring.

Þrátt fyrir Lagarfossvirkjun er núverandi aðflutningslína til þessara staða svo veikburða að verulegt spennufall er á þessum stöðum og verða dísilvélar því að ganga til að halda þar uppi fullri spennu og því engir möguleikar á aukinni orku- notkun á þessu svæði.

Margir þættir við uppbyggingu atvinnulífsins kalla á aukna raforku. Má þar m. a. nefna ný frystihús á Hornafirði og Djúpavogi og heyköggglaverksmiðju í Flatey á Mýrum, auk þess sem ýmsir möguleikar gætu skapast fyrir iðnað á svæðinu.

Það er augljóst mál, að endurbætur á flutningskerfi orkunnar með samteng- ingu svæðisins eru aðkallandi til úrlausnar, bæði vegna vaxtar og viðgangs byggðar- laganna og um leið skapa þær öryggi fyrir íbúana.